



Reykjavík, 10. febrúar 2025
VEL25010057

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Á fundi velferðarráðs þann 5. febrúar 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði:

Lagt er til að tekju- og eignamörk 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði verði uppfærð til samræmis við reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Einnig er lagt til að viðmið varðandi tekjur á ársgrundvelli í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal I með reglunum, verði uppfærð til samræmis við reglugerðina.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um birtingu reglubreytinganna í b-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, lögð fram á fundi velferðarráðs 5. febrúar 2025.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á tekju- og eignamörkum í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Lagt er til að tekju- og eignamörk 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði verði uppfærð til samræmis við reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Einnig er lagt til að viðmið varðandi tekjur á ársgrundvelli í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal I með reglunum, verði uppfærð til samræmis við reglugerðina.

Ekki er gert ráð fyrir að tillagan feli í sér viðbótarkostnað.

Greinargerð:

Í d. lið 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um tiltekin tekju- og eignamörk sem tekjur og eignir umsækjenda skuli ekki vera hærri en. Í niðurlagsákvæði d. liðar 4. gr. reglnanna er kveðið á um að fjárhæðir skuli endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Tekju- og eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði hafa verið miðuð við þær fjárhæðir sem fram koma í reglugerð nr. 1342/2020, um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Þann 1. janúar 2025 tóku gildi uppreiknuð tekju- og eignamörk, sbr. reglugerð nr. 1653/2024 um breytingu á reglugerð nr. 1342/2020.

Er því lagt til að tekju- og eignamörk verði hækkuð í samræmis við framangreinda breytingu á reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998, með síðari breytingum. Um er að ræða ívilnandi ákvörðun fyrir umsækjendur um félagslegt leiguhúsnæði.

Því er lagt til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 4. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði.

Tekjur	Voru	Verða	Hækkun í kr.	Hækkun í %
Einstaklingur	7.176.000	7.485.000	309.000	4,3%
Hjón og sambúðarfólk	10.047.000	10.480.000	433.000	4,3%
Hvert barn/ungmenni undir 20 ára aldri sem er á framfæri umsækjanda	1.794.000	1.872.000	78.000	4,3%
Hvert barn/ungmenni undir 20 ára aldri sem er í umgengni hjá umsækjanda	897.000	936.000	39.000	4,3%
Eignamörk	7.745.000	8.079.000	334.000	4,3%





Breyting á viðmiðunum á matsblaði

Í samræmi við ofangreint er jafnframt lagt til að breytingar verði gerðar á matsviðmiði varðandi almennt félagslegt leiguhúsnæði vegna umsókna um félagslegt leiguhúsnæði, sbr. fylgiskjal 1 með reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði. Matsviðmiðið er greiningartæki sem felur í sér stigagjöf og notað er þegar umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði er forgangsraðað. Hækka þarf tekjuviðmiðið þar til samræmis við hækkun á framangreindum tekjumörkum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Voru:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.176.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.664.440 til kr. 7.176.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.664.440	2

Verða:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.485.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.865.250 til kr. 7.485.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.865.250	2

